

Akranesi 30.janúar 2015

Bt. Bæjarráð Akraness, Ólafur Adolfsson formaður

Afrit: Skóla og frístundaráð

Efni: Bæjarstjórnarfundur Unga fólksins.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins fór fram í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18 þann 18.nóvember 2014. Á fundinum komu fram mörg mál sem brenna á ungu fólki. Eins og fundargerð fundarins ber með sér var komið víða við og margar hugmyndir bornar fram. Hefur Ungmennaráð sent viðkomandi nefndum bréf og sent inn formleg erindi og vakið athygli á öðrum málum.

Á bæjarstjórnarfundinum gerði formaður Ungmennaráðs **Sindri Snær Alfreðsson** aðkomu ungs fólks að málefnum bæjarins að umtalsefni og lagði fram tillögu um „að fá eitt ungmenni í öll ráð bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Mér þykir það afar mikilvægt þar sem ungmenni ættu nú að hafa einhverja rödd í ákvarðanatökum bæjarstjórnar. Nú veit ég að á Seltjarnarnesi var þetta gert fyrir nokkrum árum og eru bæjarbúar þar mjög ánægðir með þá ákvörðun. Þó svo að á fundum eins og þessum geti ungmenni lagt fram sínar tillögur að þá finnst mér mikilvægara að þau geti haft meiri vægi hér á bæ. Þannig gæti ungmennaráð átt áheyrandafulltrúa í Skóla og frístundaráði, framkvæmda og skipulagsráði og félags og mannréttindaráði. Ég mundi einnig vilja sjá fulltrúa ungmenna í menningarnefnd og í starfshópi um framtíð Sementversmiðjureitsins.“

Ungmennaráð Akraness skorar á Bæjarráð að skoða það að fullri alvöru að veita ungu fólki aðkomu að nefndum bæjarins sem áheyrandafulltrúa með tillögurétt.

F.h ungmennaráðs Akraness.

Sindri Snær Alfreðsson

Sindri Snær Alfreðsson

AKRANESKAUPSTAÐUR			
Stofn. númer	14.0	Móti	12 FEB. 2015
Stofn. nafn	H/G	Stöf. nr.	9hj
Stofn. til		Orv. aðill	Afrit
Stofn. frá		Tölvup.	Fax
Stofn. til		frán.mál	Fskj.
Stofn. One	1409066		